

KIRKJUGARÐARÁÐ

46. fundur haldinn 13. nóvember 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari stýrði fundinum fram að fimmta lið þegar Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins mætti og tók við fundarstjórn. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestur: Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur Biskupsstofu.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 14:00 og fundargerðir 44. og 45. fundar lagðar fram. Þær voru samþykktar að loknum smálagfæringum.

2. Tilnefning fulltrúa Kirkjubings í Kirkjugarðaráð

Smári Sigurðsson var tilnefndur til næstu fjögurra ára og Indriði Valdimarsson, Akranesi, var kosinn varamaður.

3. Staða minningarmarka í Kjalarnes- og Borgarfjarðarprófastsdæmum

Kristín Huld gerði grein fyrir stöðu skráningar minningarmarka í Kjalarnes- og Borgarfjarðarprófastsdæmum. Þórsteinn bar fram þá tillögu að nefnd fari yfir málið og komist að niðurstöðu fyrir næsta fund.

Ákveðið var að Kristín kallaði prófastana á fund og að Guðmundur Rafn og Valtýr sæktu fundinn f.h. Kirkjugarðaráðs. Markmiðið var að ákveða hvernig ætti að ljúka verkefningu og taka síðan ákvörðun um hvað eigi að koma út úr skráningarvinnunni.

4. Endurgerð á minnisvarða yfir sr. Tómas Sæmundsson

Guðmundur Rafn kynnti verkefnið, en auk þess tók Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur fulltrúi ættingja þátt í umræðunum.

Minnisvarðinn sem nú er yfir sr. Tómasi Sæmundssyni er úr sandsteini og liggur hann undir skemmdum. Haft hafði verið samband við Sigurð Guðmundsson myndhöggvara vegna verksins. Hann kallaði eftir tilboði í Kína um hvað myndi kosta að endurgera steininn og reyndist það vera 1,7 millj. kr. Nauðsynlegt er að höggva letrið hérlandis og mun þá heildarkostnaður nema 2,0 millj. kr.

Guðmundur Þór nefndi að verið væri að undirbúa ættarmót fyrir næsta sumar. Rætt var um verklag varðandi viðgerð á minningarmörkum og hver bæri ábyrgð á viðgerðinni.

Kristín Huld nefndi að það væri á ábyrgð Fornleifaverndar ríkisins skv. þjóðminjalögum. Slík verk yrði því að vinna í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins. Rætt var um hvort til greina kæmi að fela Kirkjugarðaráði framkvæmdina. Biskupsritari lagði fram þá tillögu að Fornleifavernd ríkisins fæli Kirkjugarðaráði verkefnið.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri skrifaði til Fornleifaverndar vegna verkefnisins og Fornleifavernd ríkisins fæli síðan Kirkjugarðaráði framkvæmdina. Guðmundur Þór ætlaði að leita til ráðherra varðandi fjármögnun verksins.

5. Afgreiðsla Kirkjuþings á breytingum á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993

Formaður tók við fundarstjórn. Rædd var afgreiðsla Kirkjuþings á breytingum á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

6. Votar grafir - fyrirspurn

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega fyrirspurn frá Kafarafélagi Íslands varðandi votar grafir.

Formaður félagsins hafði samband við framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs og lét vita að þeir væru með umgengnisreglur varðandi votar grafir. Vildi hann fá mat á því hvort umgengnisreglurnar ættu erindi inn í lögin. Kafarar vilja tryggja að þeir séu ekki að fara inn í flök og fjarlægja líkamshluta.

Kirkjugarðaráð samþykkti að ástæða væri til að láta ráðuneytið vita um umgengnisreglurnar.

7. Málþing um útfararþjónustu

Þórsteinn Ragnarsson kynnti málþing í Viðey 23. nóvember n.k. um útfararþjónustu. Um er að ræða málþing fyrir starfsmenn þjónustu og kirkjugarða, en það hefur lengi verið rætt um að forstöðumenn útfararþjónustu og kirkjugarða hittust og ræddu málin.

Þórsteinn bauð nefndarmönnum í Kirkjugarðaráði á fundinn

8. Næsti fundur

Næsti fundur er 12. Des. kl. 16.00.

9. Önnur mál

Formaður óskaði eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs. Valtýr kvaðst hafa sent fyrirspurnir til sambandsins en ekki fengið upplýsingar. Hefur ekki náð til formannsins nýja. Hann veit að nokkur sveitarfélög hafa sent orðalagsathugasemdir, en engar efnislegar.

Þórsteinn Ragnarsson lagði fram þá tillögu að breytingu laga um kirkjugarða verði hraðað og taldi eðlilegt að ráðið sendi ráðuneytinu erindi þar að lútandi.

Var ákveðið að Kirkjugarðaráð hvetji ráðherra til að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem fyrst.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:15.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari